

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1452****2023/EES/30/22****frá 1. september 2022**

um leyfi fyrir 3-etylþýlsýklópentan-1,2-díóni, 4-hýdroxý-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-óni, 4,5-díhýdró-2-metýlfúran-3(2H)-óni, evgenóli, 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)benseni, α -pentýlsinnamaldehyði, α -hexýlsinnamaldehyði og 2-asetýlpýridíni sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Efnin 3-etylþýlsýklópentan-1,2-díón, 4-hýdroxý-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-ón, 4,5-díhýdró-2-metýlfúran-3(2H)-ón, evgenól, 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen, α -pentýlsinnamaldehyð, α -hexýlsinnamaldehyð og 2-asetýlpýridín voru leyfð án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr., voru nokkrar umsóknir lagðar fram um endurmat á blöndu með 3-etylþýlsýklópentan-1,2-díóni, α -pentýlsinnamaldehyði, α -hexýlsinnamaldehyði og 2-asetýlpýridíni fyrir allar dýrategundir, evgenóli og 1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)benseni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum alifuglum og fiskum, og 4-hýdroxý-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-óni og 4,5-díhýdró-2-metýlfúran-3(2H)-óni fyrir ketti og hunda.
- 4) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 5) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnin yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun þessara aukefna í drykkjarvatn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 228, 2.9.2022, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjútíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1)

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 15. nóvember 2011 ⁽³⁾, 13. júní 2012 ⁽⁴⁾, 26. janúar 2016 ⁽⁵⁾, 19. október 2016 ⁽⁶⁾ og 6. desember 2016 ⁽⁷⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi aukefnin ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að hætta vegna snertingar við húð og augu og váhrif á öndunarveg væri viðurkennd í tengslum við þessi aukefni. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.
- 7) Þar eð aukefnin eru viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóduraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 8) Mat á aukefnunum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 9) Kveða ætti á um tiltekin skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Einkum ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum fyrir fóduraukefnin. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.
- 10) Sú staðreynd að notkun aukefnanna sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun þeirra í fódurblöndu sem er gefin með vatni.
- 11) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. mars 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 22. september 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
2. Fódurblöndur og fódurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. september 2023 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 22. september 2022, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011, 9(12), 2440.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012, 10(7), 2786.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(2), 4390.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(11), 4618.

⁽⁷⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017, 15(2), 4672.

3. Fóðurlöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. september 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 22. september 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til mannelis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. september 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI-

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b07057	3-etylýsklopentan- 1,2-díón	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með 3-etylýsklopentan-1,2-díóni</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 3-etylýsklopentan-1,2-díón Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: > 90% Efnaformúla: C₇H₁₀O₂ CAS-númer: 21835-01-8 FLAVIS: 07.057</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að sanngreina aukefnið í bragð- efnablöndum: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>	Allar dýrategundir	-	-	-	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: - dýr sem eru alin í lagareldiskerfum í sjó: 0,05 mg, — kettir, hundar og dýr sem eru alin í lagareldiskerfum á landi: 5 mg/kg, — aðrar tegundir eða flokkar landdýra: 0,5 mg.“</p> <p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.</p>	22. september 2032

								5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.
--	--	--	--	--	--	--	--	--

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni

2b13010	4-hýdroxý-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>4-hýdroxý-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>4-hýdroxý-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: 98%</p> <p>Efnaformúla: C₆H₈O₃</p> <p>CAS-númer: 3658-77-3</p> <p>FLAVIS: 13.010</p>	Kettir og hundar	-	-	-	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald:</p> <p>— kettir og hundar: 5 mg.“</p>	22. september 2032
		<p><i>Greiningaraðferð (¹)</i></p> <p>Til að sanngreina aukefnið í bragðefnablöndum:</p> <p>— Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>						

							<p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.</p> <p>5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.</p>
--	--	--	--	--	--	--	---

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni

2b13042	4,5-dihýdró-2-metýlfúran-3(2H)-ón	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>4,5-dihýdró-2-metýlfúran-3(2H)-ón</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>4,5-dihýdró-2-metýlfúran-3(2H)-ón</p>	Kettir og hundar	-	-	-	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:</p>	22. september 2032
---------	-----------------------------------	---	------------------	---	---	---	--	--------------------

	<p>Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: 97% Efnaformúla: C₅H₈O₂ CAS-númer: 3188-00-9 FLAVIS: 13.042</p>						<p>„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — kettir og hundar: 5 mg.“</p> <p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.</p> <p>5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.</p>	
	<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að sanngreina aukefnið í bragðefnablöndum:</p> <p>— Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>							

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b04003	Evgenól	<i>Samsetning aukefnis</i> Evgenól <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Evgenól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: > 98% Efnaformúla: C ₁₀ H ₁₂ O ₂ CAS-númer: 97-53-0 FLAVIS: 04.003	Allar dýrategundir, að undanskildum alifuglum og fiskum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — allar dýrategundir, að undanskildum alifuglum og fiskum: 25 mg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	22. september 2032
		<i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að sanngreina aukefnið í bragðefnablöndum: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL		-	-	-		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b04010	1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>1-metoxý-4-(próp-1(trans)-enýl)bensen</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: > 99%</p> <p>Efnaformúla: C₁₀H₁₂O</p> <p>CAS-númer: 4180-23-8</p> <p>FLAVIS: 04.010</p>	Allar dýra- tegundir, að undan- skildum alifuglum og fiskum	-	-	-	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — allar dýrategundir, að undanskildum alifuglum og fiskum: 25 mg.“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 	22. september 2032
		<p><i>Greiningaraðferð ⁽¹⁾</i></p> <p>Til að sanngreina aukefnið í bragðefnablöndum:</p> <p>— Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>						

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b05040	α -pentýlsinna- maldehyð	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>α-pentýlsinnamaldehyð</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>α-pentýlsinnamaldehyð</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: að lágmarki 97%</p> <p>Efnafornúla: C₁₄H₁₈O</p> <p>CAS-númer: 122-40-7</p> <p>FLAVIS: 05.040</p>	Allar dýrategundir	-	-	-	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald:</p> <p>— dýr sem eru alin í lagareldiskerfum í sjó: 0,05 mg,</p> <p>— kettir: 1 mg/kg,</p> <p>— hundar og dýr sem eru alin í lagareldiskerfum á landi: 5 mg/kg,</p> <p>— aðrar tegundir eða flokkar landdýra: 0,1 mg.“</p> <p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.</p>	22. september 2032
		<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að sanngreina aukefnið í bragðefnablöndum:</p> <p>— Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>						

								5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.
--	--	--	--	--	--	--	--	--

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfôðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni

2b05041	α -hexýlsinnamaldehyð	<p><i>Samsetning aukefnis</i> α-hexýlsinnamaldehyð <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> α-hexýlsinnamaldehyð Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: 95% Efnaformúla: C₁₅H₂₀O CAS-númer: 101-86-0 FLAVIS: 05.041</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (¹) Til að sanngreina aukefnið í bragðefnablöndum: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>	Allar dýrategundir	-	-	-	<p>1. Aukefnið skal notað í fôður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfôðurs með 12% rakainnihald: — dýr sem eru alin í lagareldiskerfum í sjó: 0,05 mg, — kettir: 1 mg/kg, — hundar og dýr sem eru alin í lagareldiskerfum á landi: 5 mg/kg, — aðrar tegundir eða flokkar landdýra: 0,1 mg.“</p>	22. september 2032
---------	------------------------------	---	--------------------	---	---	---	--	--------------------

							<p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.</p> <p>5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.</p>
--	--	--	--	--	--	--	---

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni

2b14038	2-asetýlpýridín	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>2-asetýlpýridín</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>2-asetýlpýridín</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p>	Allar dýrategundir	-	-	-	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p>	22. september 2032
---------	-----------------	--	--------------------	---	---	---	--	--------------------

	<p>Hreinleiki: > 97% Efnaformúla: C₇H₇ON CAS-númer: 1122-62-9 FLAVIS: 14.038</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾</i></p> <p>Til að sanngreina aukefnið í bragð-efnablöndum:</p> <p>— Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>					<p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: — sjávardýr: 0,05 mg, — aðrar tegundir eða flokkar dýra: 0,5 mg.“</p> <p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.</p> <p>5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.</p>	
--	---	--	--	--	--	---	--

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en